

Til hamingju með áfangann



Brautskráning kandídata frá Háskóla Íslands 15. júní 2024

Kæri kandídat.

Vorbrautskráning Háskóla Íslands nálgast óðfluga og ég óska þér hjartanlega til hamingju með áfangann. Við erum afar stolt af þér og öðrum nemendum skólans og vonum að þér farnist sem best í framtíðinni.

Skólaárið hefur sannarlega verið krefjandi og því vonumst við einlæglega til þess að þú komist á brautskráningu í Laugardalshöllinni til að fagna vel unnu verki ásamt samnemendum þínúm.

Athugaðu að með því að taka þátt í brautskráningarathöfn skuldbindur þú þig til að yfirgefa ekki salinn fyrr en að athöfn lokinni.

Við viljum jafnframt gjarnan fá að rækta tengslin við þig í framtíðinni og vekjum athygli á hollvinastarfi skólans undir hattí Háskólavina, [www.hi.is/haskolavini](#). Þar miðlum við upplýsingum um fjölbreytta starfsemi skólans sem vakið gætu áhuga þinn en við viljum líka fregna af þér og öðrum nemendum í framtíðinni.

Með kæri kveðju,


Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

Gott að vita fyrir afhendingu prófskírteina

Staður og stund: Laugardagurinn 15. júní kl. 13.30 í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Áætlað er að athöfninni ljúki kl. 15.10.

Mæting: Eigi síðar en klukkan 13.00.

Gestir: Þú mátt taka með þér two gesti.

Sætaskipan: Þú ert með frátekið númerað sæti sem kemur fram á nafnalista sem afhentur verður við innganginn í Laugardalshöll. Gestir sitja á öðrum stað en kandídatar, í ómerktum sætum.

Athöfnin sjálf: Þegar kemur að þínúm hópi ganga kandídatar vinstra megin upp á svíðið að merkingu á gólfí. Þegar þú hefur tekið við prófskírteini úr hendi deildarforseta og kveðju rektors gengur þú niður af svíðinu til sætis. Starfsfólk Háskóla Íslands verður á staðnum og veitir nánari leiðbeiningar.

Ath. Ef þú hefur **ekki tök** að taka þátt í brautskráningunni bið ég þig vinsamlega um að **tilkynna það til skrifstofu þinnar deildar** fyrir kl. 15.00 mánudaginn 10. júní.